

Á skýrslu framleiðanda skal forstjóri eða verkstjóri við vörugerðina rita vottorð um að skýrslan sje rjett að því er snertir framtal hinnar tilbúnu vöru. 56
22. júlí

Skýrslu þessa skal afhenda lögreglustjóra í síðasta lagi innan viku eftir lok ársjórðungsins að viðlagðri alt að 500 króna sekt og auk þess má lögreglustjóri leggja 10 kr. dagsektir við, að skýrslan sje í tje látin.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum samkvæmt 7. gr. framanfndra laga 31. maí 1927, og fer um mál út af þeim brotum eftir 8. gr. sömu laga.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1927.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá
30. ágúst 1926.**

57
26. júlí

25. grein hafnarreglugjörðarinnar breytist þannig:

V ö r u g j a l d s s k r á .

1. og 2. flokkur falli burt, en í staðinn komi:

1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir 100 kg., kol, salt,, hey, korn-vörur, fullsaltaður en ópurkaður fiskur.

3. flokkur falli burt, en í staðinn komi:

2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg., saltfiskur, sem eigi fellur undir 1. flokk, steinolía, áburðarolía, bensín, sement.

3. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg., veiðarfæri, hrogn, lýsi, sundmagi, fiskimjöl, kartöflur.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. ágúst 1927 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júlí 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.